

Skráargatið – Verður einfalt að velja hollara?



Zulema Sullca Porta

Matvæladagur MNÍ
16. október 2013



••• Innleiðing og kynning Skráargatsins á Íslandi

- Embætti landlæknis og Matvælastofnun standa í sameiningu á bak við Skráargatið.



- Upphaf Skráargatsins
- Árið 1989 komu Svíar fram með Skráargatið



• En af hverju Skráargatið?

- Fæðuhringurinn:

Lagði áherslu að borða mat úr hverjum flokki.


+

- Fæðupíramídi:

Lagði áherslu á mismunandi vægi matvælaflokkanna.


=

Skráargatið



• • • Skráargatið - samnorrænt merki

- Svíar, Danir og Norðmenn völdu Skráargatið sem samnorrænt merki.



Forsaga Skráargatsins á Íslandi



- Matvælastofnun sendi Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti ítarlega greinargerð um Skrárgatið í janúar 2012. Í henni kom fram stuðningur við upptöku Skráargatsins á Íslandi.
- Þingsályktunartillaga um upptöku Skráargatsins var lögð fyrir í tvígang og samþykkt á vörþingi 2012.
- Ráðherra var veitt heimild til að taka upp samnorræna merkið, Skrárgatið.

• • • Ástæður fyrir upptöku Skráargatsins

- Margar ástæður eru fyrir upptöku Skráargatsins á Íslandi en þessar eru helstar:
 - Einfalt merki sem hjálpar neytendum að velja hollari matvöru og allir skilja óháð menntun, félagslegri stöðu eða tungumálakunnáttu.
 - Merkið er í samræmi við hollustumarkmið EL.
 - Merkið hvetur matvælaframleiðendur áfram í þróun betur samsettra matvæla.
 - Merkið er jákvætt og virkt tæki sem hægt er að nota í markaðssetningu hollustusamlegra matvæla.

• En hvað er Skráargatið?

- Skráargatið er samnorrænt opinbert merki sem finna má á umbúðum matvæla sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi samsetningu næringarefna.



• Markmið Skráargatsins

- Markmið Skráargatsins er að auðvelda neytendum og aðstoða þá við að velja hollustusamlegri matvörur á virkan og skjótan hátt.
- Kjörorð Skráargatsins:



Einfalt að velja hollara

• Skilyrði fyrir skráargatsmerktar vörur

- Skráargatsmerktar vörur innihalda minni og hollari fitu, minna af sykri og salti en meira af trefjum og heilkorni en aðrar vörur í sömu matvælaflokkum.



• Matvælaflokkar sem geta fengið Skráargatið

Þessar matvörur geta fengið Skráargatið

Skráargatið finnur þú á umbúðunum matvara, á fiski og lausum ávöxtum og grænmeti.

Hvað felst í Skráargatinu?

Matvörur sem bera Skráargatið verða að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi t.d. fitu, sykur, salt, trefjar og heilkorn. Skráargatið auðveldar því valld á hollari matvörum og þar með að fara eftir ráðleggingum Embættis landlæknis um mataræði og næringarefni.

- Minni og hollari fita
- Minni sykur
- Minna salt
- Meira af trefjum og heilkorni



Vörur úr jurtaríkinu sem valkostur við dýraafurðir
T.d. sojadrykkur, hafradrykkur og tofu



Brauð og kornvörur
Brauð, pasta, hrísgrjón, morgunkorn og aðrar kornvörur



Mjólkurvörur
Mjólk, sýrðar mjólkurvörur og ostur



Ávextir og ber
Ferskir eða frosnir



Matarolía og viðbit



Grænmeti og kartöflur
Ferskt, frosið eða varðveitt í vatni



Fiskur og skelfiskur
Fiskur og vörur úr fiski, ferskar eða frosnar



Kjöt og kjötálegg
Ferskt eða frosið



Tilbúnir réttir
Súpur, pítsur, vefjur og samlokur

• Næringarviðmið og skilyrði Skráargatsins

- Næringarviðmið og skilyrði á bak við Skráargatið byggjast á samnorrænu næringarráðleggingunum.
- Norrænu ráðleggingarnar byggjast á vísindalegri þekkingu um æskilega samsetningu fæðis og neyslu næringarefna.
- Markmið þeirra er að stuðla að bættri heilsu almennings.
- Nýjar samnorrænar ráðleggingar hafa áhrif á skilyrðin og viðmiðin fyrir Skráargatinu.

- Val þitt á matvörum hefur áhrif á heilsu þína
- Skráargatið getur hjálpað til við val á hollari matvöru en það er mikilvægt að hafa fjölbreytnina í fyrirrúmi og gæta þess að fá fæðu úr öllum fæðuflokkum yfir daginn.
- **Annað markmið Skráargatsins er því að hvetja matvælaframleiðendur til að þróa og fjölga hollustusamlegum vörum á markaði sem standast kröfur Skráargatsins.**

• Árangur Skráargatsins er mælanlegur

- Þekking neytenda á Skráargatinu á Norðurlöndum

Land	Janúar 2009	Desember 2011
Svíþjóð	98%	98%
Noregur	20%	98%
Danmörk	<1%	88%

• Vörupróun á Norðurlöndum

- Vörur með Skráargatinu í Noregi, Danmörk og Svíþjóð:

Land	Desember 2011 og janúar 2012
Svíþjóð	1500
Noregur	1532
Danmörk	ca. 1700

• Á Íslandi

- Vörubrúun er að aukast og á markaði eru núþegar nokkrar íslenskar vörur sem bera merkið.



• Vorkönnun á Íslandi

- Í lok árs 2012 stóðu Embætti landlæknis og Matvælastofnun fyrir könnun á viðhorfi til og þekkingar Íslendinga á norræna Skráargatinu.
- Í úrtakinu voru 2000 manns, 18 ára og eldri af öllu landinu. Svarhlutfall var 59%
- 29% af þeim sem sjá um matvöruinnkaup sögðust þekkja vel til Skráargatsins.
- Um 46% svarenda sem þekktu til Skráargatsins töldu hins vegar að Samtök iðnaðarins eða matvælaframleiðendur stæðu á bak við merkið.

• Reglugerð með sömu skilyrðum

- 17. júní 2009 var reglugerð um Skráargatið með sameiginlegum skilyrðum innleidd í Svíþjóð, Noregi og Danmörku.
- Innleiðing á sömu reglugerð um Skráargatið er væntanleg hér á Íslandi síðar á þessu ári.
- Hér á landi munu Matvælstofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitafélaga sjá um að farið verði eftir reglum um notkun merkisins.
- Framleiðendum er frjálst að nota Skráargatið á þær vörur sem uppfylla skilyrði.

• • • Kynning Skráargatsins

- Heimasíða
- Kynningarbæklingur
- Netauglýsingar
- Blaðauglýsingar
- Útvarpsauglýsingar
- Leiðbeiningar um Skráargatið fyrir framleiðendur

Takk fyrir!

www.mast.is

